

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra, haldinn á Blönduósi, laugardaginn 5. apríl 2008.

Mættir eru kjörnir fulltrúar á ársþing SSNV frá aðildarsveitarfélögum menningarsamnings Norðurlands vestra, auk Menningarráðs og menningarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Ársskýrsla Menningarráðs Norðurlands vestra 2007 kynnt.
3. Reikningar ársins 2007 kynntir og lagðir fyrir fundinn
4. Fjárhagsáætlun ársins 2008 kynnt.
5. Ákvörðun um þóknun til fulltrúa í menningarráðinu
6. Umræður um starf og stefnu ráðsins
7. Önnur mál

1. Guðrún Helgadóttir, formaður Menningarráðs setti fundinn kl 11:00 og lagði fram tillögu um starfsmenn fundarins, Jón Óskar Pétursson, fundarstjóra og Björn Magnússon, fundarritara.. Ekki komu fram athugasemdir við tillögu formannsins.

2. Guðrún Helgadóttir kynnti starfsskýrslu menningarráð á liðnu ári. Formaðurinn kom víða við í ræðu sinni og lýsti starfsemi ráðsins á árinu. Hlutverk menningarráðs er m. a. að efla samstarf meðal allra aðila sem vinna að menningarmálum á svæðinu.

Fyrir fundinum lá ársskýrsla og ársreikningur fyrir árið 2007.

Ingibergur Guðmundsson var ráðinn menningarfulltrúi í 50 % starf fyrir menningarráðið.

Auglýst var eftir umsóknum um menningarstyrki, alls bárust 50 umsóknir, úthlutað var til 41 aðila.

Guðrún lýsti merki menningarráðsins sem valið var úr hópi tillagna sem bárust Menningarráðinu. Merkið sem valið var vísar til tveggja náttúruperla á svæðinu Drangeyjar og Vatnsdalshólanna og myndar jafnframt stafinn M.

Guðrún þakkaði í lokin menningarfulltrúa gott starf, vönduð vinnubrögð og trausta umsýslu og samstarfsmönnum í menningarráði gott og farsælt samstarf.

3. Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi lagði fram ársreikning Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2007. Rekstrartekjur eru kr. 30. 000.000.- Styrkveitingar eru kr. 17.650.000. Til næsta árs færast kr. 9.091.040.

Ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

4. Ingibergur Guðmundsson lagði fram starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2008. Gert er ráð fyrir að úthlutað verði 38 milljónum króna á árinu 2008.

Rafn Sigurbjörnsson og Úlfar Sveinsson komu með ábendingar varðandi útreikning á gjaldaliðum.

5. Þóknun til fulltrúa í menningarráðinu árið 2008 er kr. 12.500 fyrir fund.

6. Umræður um starf og stefnu Menningarráðsins.

Guðrún formaður, lagði fram umræðupunkta um markmið menningarsamninga, stefnumótun og starf ráðsins og varpaði fram til fundarins spurningu um form á aðalfundi Menningarráðs. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir tók til máls, þakkaði menningarráði góð störf, ljóst væri að menningarsamningur efldi menningarstarf og styrkti svæðið sem eitt menningarsvæði, list væri án landamæra. Taldi hún að hafa ætti aðalfundi menningarráðs sjálfstæða.

Sigurður Árnason þakkaði glögga og ítarlega skýrslu, munar um að fá 30 milljónir í menningarstarf. Var fylgjandi sjálfstæðum aðalfundi.

Halldór G. Ólafsson, benti á að athuga ætti að draga inn erlent fjármagn í gegnum Evrópuverkefni.

Guðrún Helgadóttir, formaður þakkaði góð orð og jákvæð viðbrögð við starfi menningarráðsins.

7. Önnur mál. Enginn tók til máls undir þessum lið.

Fundarstjóri þakkaði í lokin góðan og málefnalegan fund og sleit fundi kl. 11:50

Björn Magnússon

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.